

Stutt lýsing á hluta HSL, Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps í IceWater verkefninu

Þingvallavatn er hluti af Þjóðgarði Þingvalla sem einkennist af náttúrunum á heimsvísu þar sem jarðsaga og vistkerfi vatnsins mynda einstaka heild. Þjóðgarðurinn hefur síðan 2004 verið á heimsmínjaskrá UNESCO. Vegna sérstöðu Þingvallavatns gildir um það reglugerð nr. 650/2006 um verndun vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns til að vernda vatnasvið og lífríki vatnsins með markmið um sjálfbærna þróun að leiðarljósi sem nær m.a. til yfirborðsvatns eða grunnvatns. Reglugerðin gildir um stórt landsvæði í tveimur sveitarfélögum, Bláskógabyggð og Grímsnes og Grafningshrepp (GOGG), sjá mynd 1. Umhverfis vatnið eru um 600 frístundahús, auk jarðvarmavirkjunar, hótels, þjónustumiðstöðva þjóðgarðsins, tjaldsvæða og lögbyla. Enn er verið að byggja upp ný frístundarhúshverfi skv. gildandi skipulagi.

Í reglugerð nr. 650/2006 eru settar auknar kröfur á hreinsun fráveituvatns innan verndarsvæðis Þingvalla. Frístundahúsaeigendur höfðu frest til 1. janúar 2020 til að endurbæta hreinsivirki sín til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar, fyrirtæki höfðu frest fram í júlí 2011 til að verða við kröfum reglugerðarinnar. Reglugerðinni var breytt með reglugerð 891/2001 þann 29. júlí 2021 þar sem slegið var af kröfum hreinsun fráveitu frá stakstæðum sumarhúsum en í staðinn skal meta hvert tilfelli fyrir sig. Þær kröfur sem settar hafa verið á fráveitur fyrirtækja gilda, þ.e. umræddur slaki sem settur var með breytingareglugerðinni gildir einungis fyrir stakstæð sumarhús.

Árið 2012 var gerð könnun til að meta ástand fráveitumála á svæðinu sem náði bæði til hreinsivirkja og neysluvatnskerfa hjá 88 frístundahúsaeigendum. 44 svöruðu könnuninni og aðeins 4 uppfylltu þær kröfur sem til fráveitukerfa voru gerðar.

Árið 2020 sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bréf til allra frístundahúsaeigenda á svæðinu og var óskað eftir upplýsingum um hreinsivirki frístundahúsanna. Svörun við erindinu var dræm og eftirfylgni vantaði, auk þess sem ofangreind breyting varð á reglugerð nr. 650/2006 eftir að bréfið var sent út.

Hvert er verkefnið sem nú hefur hlotið styrkveitingu

Verkefni IceWater samanstendur af mörgum misstórum verkefnum á landsvísu en öll verkefni snúa að vatnshlotum/auðlind vatns á einhvern hátt. Verkefnið á að skila af sér fræðsluefni til almennings og efla vitund þess um málaflokkinn, samhliða því eru búnir til verkferlum sem síðar geta nýst öðrum. Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með verkefni IceWater í heild og sér um alla sameiginlega þætti verkefnisins.

Fyrri markmið verkefnisins er að setja saman heildstætt og metnaðarfullt fræðslu- og kynningarefni ætlað almenningsi. Mikilvægt er að efla vitund almennings á vatnsauðlindarinni og skilningi á ganga vel um hana og vernda. HSL mun útbúa fræðsluefni fyrir almennings um lítil hreinsivirki sem sett yrði á netið/heimasíðu HSL.

Samhliða þessu mun verða samstarf milli þeirra sem taka þátt í verkefninu, t.d. REY, GRUND, ISAF, OH, HVER, KOP, ISAVIA, ON Power og HSL. Gert er ráð fyrir að aðilar mæti á fræðslufundi og efla samstarf sín á milli, kynni verkefni sín og fari hugsanlega í vettvangsferðir hjá hvert öðru. Eins má gera má ráð fyrir að ráðstefnur séu sóttar til að efla þekkingu.

Annar hluti verkefnisins HSL snýr að því að meta og kortlegga hvort að hreinsivirki umhverfis Þingvallavatn uppfylli kröfur reglugerðar. Samhliða því yrðu búnir til skýrir og skilvirkir verkferlar, bæði til að knýja eigendur frístundahúsa um svör og til að meta hvort að hreinsivirkið uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Markmið verkefnis HSL er að þróa nýtt umsóknarferli fyrir lítil hreinsivirki, samræma vinnu og umsóknarferli milli sveitarfélaga og kalla eftir upplýsingum um hreinsivirki og krefjast úrbóta hjá þeim fasteignaeigendum þar sem þörf er á. Verkefnið krefst þverfaglegs samstarfs byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirlit og sveitarfélaga. Byggingarfulltrúi hvers sveitarfélags sér um að samþykkja skipulags- og byggingarferlið, heilbrigðiseftirlitið sér um að samþykkja og veita ráðgjöf um hreinsivirki og sveitarfélögin sjá síðan um að tæmingu hreinsivirkja í sínu sveitarfélagi. Verkefnið felur í sér þróun á rafrænu umsóknarferli fyrir einstaklinga sem vilja setja upp fráveituhreinsilausnir fyrir hús og smáfyrirtæki. Í dag eru samræmdar verklagsreglur ekki til staðar. Leitast verður við að samræma hlutverk og stjórnsýslulega virkni mismunandi aðila til að gera ferlið skilvirkt og straumlínulaga.

Þessi aðferð verður prófuð á sumarhúsum umhverfis Þingvallavatn á vatnsverndarsvæði þess, áætlaður fjöldi sumarhúsa eru um 600.

Nánari upplýsingar tengdar verkefninu:

HSL hefur þegar birt leiðbeiningar um að beita þurfi mismunandi lausnum sem henta að teknu tilliti til mismunandi land- og jarðfræðilega þátta um hreinsivirki í stakstæðum sumarhúsum á Þingvallavatnssvæðinu, sjá slóð [hér](#)

Skv.15. gr. rgl. 798/1999 um fráveitur og skólp skal heilbrigðisnefnd samþykkja nýjar og endubættar fráveitur og veita leyfa fyrir búnaði sem notaður er við meðhöndlun, hreinsun og losun á skólpi í dreifbýli en verulega hefur skort á að það sé gert. Jafnframt þarf að sækja um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa vegna hreinsivirkja fráveitu. HSL sér fyrir sér að nýta verkferla/fyrirmyndir frá Svíþjóð sem síðar gætu gagnast á fleiri svæðum héraendis af heilbrigðiseftirlitum sveitarfélaga og byggingarfulltrúum, annars vegar þegar kemur að gagnaskilum þegar upplýsinga er óskað og hins vegar þegar sótt er um leyfi byggingarfulltrúa og samþykki heilbrigðisnefndar vegna fráveituframkvæmda.

Verkefnið miðast af því að ná fyrst til frístundahúsaieganda í kringum Þingvallavatn. Til framtíðar væri hægt að útfæra það á allt verndarsvæði Þingvallavatns.

Verkferlar sem yrðu til við verkefnið væri hægt væri að nota almennt við leyfisveitingar hreinsivirkja hjá heilbrigðiseftirliti og byggingarfulltrúa.

Ekki er þörf á neinskonar leyfisveitingu hjá hinu opinbera vegna verkefnisins þar sem HSL hefur lögbundið hlutverk í fráveitumálum og verndun Þingvallavatns.

Áætlað er að verkefnið myndi hefjast í ársbyrjun 2025. Gera þarf ráð fyrir rúmum tíma vegna stærðar verkefnisins og ófyrirséðra þátta sem geta haft áhrif á það, fjárhagur og geta frístundahúsaieganda til að bregðast við, að fólk fái verktaka til starfa ef þörf er á. Veðurfarslegir þættir hafa einnig áhrif. Í upphafi þarf HSL að setja sig í samband við frístundahúsaiegendur í samstarfi við sveitarfélögin (fá gögn þaðan).


Áfangaskipta þyrfti verkefninu þar sem fyrst yrði einblínt á svæði innan 50m frá vatnsborði og þar aðgengi að hreinsivirki til tæmingar og viðhalds er erfitt. Áfangi 2 yrði frístundahúsa svæði þar sem

skv. skipulagi og reglugerð á að vera til staðar sameignlegt fráveitukerfi. Áfangi 3 væru önnur svæði.

Einhver gögn liggja fyrir hjá samstarfsverkefni uppsveita Árnessýslu seyra.is um hreinsivirki og staðsetningu þeirra umhverfis Þingvallavatn. Frístundahúsaeygendur á Þingvallasvæðinu yrðu fræddir um fráveitulausnir.



Picture 1. Area delimited by a green broken lines show the protected area of Thingvallavatn. Picture is taken out of regulation nr. 650/2006 on the protection of the watershed and the ecosystem of Thingvallavatn.



Picture 2. The purple dots show where wastewater treatment have been registered around Thingvallavatn. Line 1 and 2 shows distance from the ladeside to summerhouses, line 1 1,32km an line 2 832m. The broken line through the picture shows the Municipal boundaries of Bláskógabyggð and GOGG. Picture taken from <https://map.is/sudurland/#>